



2. *Hversu oft á framangreindu tímabili hefur heimild verið veitt til símhlustunar á grundvelli laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, sundurgreint eftir þeim tegundum brota sem til rannsóknar voru, dómstólum sem veittu heimildina og lagaákvæðum sem vísað var til við rökstuðning beiðni?*

Í umsögn ríkissaksóknara kemur fram fjöldi heimilda til símhlustunar 2009–2013 á grundvelli laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, sbr. töflu 3. Tekið skal fram að heimildir til símhlustunar byggjast á fyrrgreindum lögum um meðferð sakamála.

**Tafla 3. Fjöldi heimilda til hlerunar á síma frá ársbyrjun 2009 til ársloka 2013, flokkað eftir dómstólum sem veittu heimildina og tegund brota sem til rannsóknar voru.**

	Hd. Austurl.	Hd. N. eystra	Hd. Reykjan.	Hd. Reykjav.	Hd. Suðurl.	Hd. Vestfj.	Hd. Vesturl.
Auðgunarbrot	0	0	37	37	1	13	28
Brenna, íkveikja	0	0	2	0	0	0	0
Brot gegn valdstjórninni	0	0	1	0	0	0	0
Fikniefni	2	17	275	137	8	9	15
Kynferðisbrot	0	0	22	16	0	0	0
Mannráp og líkamsmeiðingar	0	0	25	1	2	0	0
Mansal	0	0	18	0	0	0	0
Efnahagsbrot	0	0	29	20	0	0	0

3. *Hversu oft hefur verið synjað um heimild til hlerunar, sundurgreint eftir tegundum brota sem til rannsóknar voru, dómstólum og ástæðum synjunar ef þær liggja fyrir?*

Samkvæmt umsögn ríkissaksóknara hafa dómstólar í fimm tilvikum hafnað kröfu lögreglu um símhlustun. Í fjórum tilvikum var um að ræða meint fikniefnamál og í einu tilviki meint mansal. Um var að ræða Héraðsdóm Suðurlands í þremur tilvikum, Héraðsdóm Reykjavíkur í einu tilviki og Héraðsdóm Vestfjarða í einu tilviki.

4. *Hversu lengi stóð hlerun yfir í hverju tilviki, sundurgreint eftir tegundum brota sem til rannsóknar voru og dómstólum?*

Í umsögn ríkissaksóknara kemur fram fjöldi veittra heimilda til símhlustunar, greint eftir dómstól, brotaflokk og fjölda daga frá upphafi til loka heimildar, sbr. töflu 4. Í umsögninni er þess sérstaklega getið að um sé að ræða fjölda daga sem heimildin náði til en tekið skal fram að í sumum tilvikum fór símhlustun ekki fram allan þann tíma sem heimildin náði til heldur skemur.

	Hd. Austurl.	Hd. N. eystra	Hd. Reykjan.	Hd. Reykjav.	Hd. Suðurl.	Hd. Vestfj.	Hd. Vesturl.
<i>Fjöldi daga</i>	<i>Fjöldi úrskurða</i>						
Auðgunarbrot							
2			1				
3			6				
4			3				
6			7	2			
7			5	1			

	Hd. Austurl.	Hd. N. eystra	Hd. Reykjan.	Hd. Reykjav.	Hd. Suðurl.	Hd. Vestfj.	Hd. Vesturl.
<i>Fjöldi daga</i>	<i>Fjöldi úrskurða</i>						
8			3				
9				4			
10			3				1
11			4	1			
12						2	
13				4			
14				15			1
17				1			
20						5	
21				3			26
22				6			
28			1				
29					1		
30			4			6	
Brenna, íkveikja							
27			1				
28			1				
Brot gegn valdstjórninni							
31			1				
Fíkniefni							
3			1				
6			1				
7		2			1		
8			1				
10		1	1				
11				1			
13			3		1		
14	2	13	3	2	2		2
15		1			1		
16			2				
17						1	
18			2			1	
19			1				
20			5	5			1
21			4	3			
22			1	2			1
23			5	1			
24			5				
25			6	3			
26			6	8		3	

	Hd. Austurl.	Hd. N. eystra	Hd. Reykjan.	Hd. Reykjav.	Hd. Suðurl.	Hd. Vestfj.	Hd. Vesturl.
<i>Fjöldi daga</i>	<i>Fjöldi úrskurða</i>						
27			46	5			4
28			144	103	3	4	5
29			10				
30			13	1			1
31			12	1			1
32			2	1			0
35				1			
36			1				
<b>Kynferðisbrot</b>							
7				1			
19				1			
20			2				
21			1	2			
25			1				
27			9	2			
28			6	10			
30			3				
<b>Manndráp og líkamsmeiðingar</b>							
7			1				
8			2				
14			8	1			
19			3				
20			1				
21			3				
23			3				
27			2				
28			2		1		
30					1		
<b>Mansal</b>							
25			2				
26			2				
27			1				
28			13				
<b>Efnahagsbrot</b>							
7				2			
8				3			
14				2			
18				1			
20			7	5			
21				5			

	Hd. Austurl.	Hd. N. eystra	Hd. Reykjan.	Hd. Reykjav.	Hd. Suðurl.	Hd. Vestfj.	Hd. Vesturl.
<i>Fjöldi daga</i>	<i>Fjöldi úrskurða</i>						
22				1			
23			4				
28			18	1			

5. *Hversu oft voru tveir eða fleiri einstaklingar hleraðir vegna sömu rannsóknar, sundur- greint eftir tegundum brota sem til rannsóknar voru, fjölda einstaklinga hverju sinni og dómstólum?*

Í umsögn ríkissaksóknara kemur fram sá fjöldi mála þar sem tveir eða fleiri einstaklingar voru hlustaðir, greint eftir dómstól og þeim brotaflokki sem til rannsóknar var, sbr. töflu 5. Í umsögninni er þess sérstaklega getið að hafa beri í huga að mál lögreglu séu oft flókin og viðamikil og því erfitt að setja skýra línu á milli þess hvað telst sama rannsóknin og hvenær um sé að ræða nýja rannsókn. Hér sé því tekið mið af því að öll brot innan sama málsnúmers teljist til sömu rannsóknar.

**Tafla 5. Fjöldi mála (málsnúmera) þar sem lögreglu var heimiluð hlustun á árunum 2009–2013, greint eftir dómstólum, tegund brots (yfirflokks) og fjölda einstaklinga sem hleraðir voru.**

	Hd. Austurl.	Hd. N. eystra	Hd. Reykjan.	Hd. Reykjav.	Hd. Suðurl.	Hd. Vestfj.	Hd. Vesturl.
Auðgunarbrot							
2			1	3		1	1
3				1			
4			1	1			
6				1			
12							1
13			1				
Brenna, ikveikja							
3			1				
Fíkniefni							
2		1	13	5	1		
3			12	4			1
4		1	7	1			
6			2	0			
8			1				
9				1			
Kynferðisbrot							
10			1				
Manndráp og líkamsmeiðingar							
2			1				
3			1	0			
5			1				
6			1				
Mansal							
2			3				
4			1				

	Hd. Austurl.	Hd. N. eystra	Hd. Reykjan.	Hd. Reykjav.	Hd. Suðurl.	Hd. Vestfj.	Hd. Vesturl.
Efnahagsbrot							
3				1			
4				1			
5				1			
6			1				
7			2	1			

6. Í hversu mörgum tilvikum þar sem hlerun var beitt var sá sem var hleraður ekki ákærður eða sýknaður ef ákært var, sundurliðað eftir brotategundum og dómstólum?

Í umsögn ríkissaksóknara kemur fram sá fjöldi mála þar sem símhlustun var heimiluð af dómstólum eftir stöðu þeirra í dag, sbr. töflu 6. Ekki reyndist unnt að sundurliða niðurstöður eftir dómstólum þar sem fleiri en einn dómstóll geta hafa veitt heimild til hlustunar í sama máli. Í umsögninni kemur enn fremur fram að til þess að ná utan um þessa vinnslu reyndist nauðsynlegt að líta til niðurstöðu málanna en ekki til niðurstaðna einstakra brotaliða en að jafnaði eru mörg brot og margir aðilar innan sama máls. Í töflu 6 er því miðað við þær forsendur að hafi verið sakfelld í máli teljast það til sakfellingar jafnvel þótt sýknað hafi verið fyrir einstaka brotaliði. Þá teljast mál til meðferðar jafnvel þótt einstakir brotaliðir, innan sama máls, hafi verið felldir niður eða rannsókn hætt.

**Tafla 6. Fjöldi mála (málsnúmera) þar sem lögreglu var heimiluð hlustun á árunum 2008–2013, greint eftir tegund brots (yfirflokks) og niðurstöðu.**

	Hætt hjá ákærvaldi	Hætt hjá lögreglu	Enn til meðferðar	Sakfelling	Sýkna
Auðgunarbrot		7	6	6	
Brenna, íkveikja		1			
Brot gegn valdstjórninni				1	
Efnahagsbrot	1	2	4	1	
Fíkniefni	11	48	9	30	1
Hótanir		1			
Kynferðisbrot	6				
Manndráp og líkamsmeiðingar			1	5	
Mansal	1		1	2	

7. Í hversu mörgum tilvikum þar sem hlerun var beitt gagnvart öðrum en grunuðum sakborningi var hinn grunaði ákærður eða sýknaður ef ákært var, sundurliðað eftir brotategundum og dómstólum?

Í umsögn ríkissaksóknara kemur fram að ekki sé hægt að sundurgreina gögn eftir réttarstöðu einstaklings við upphaf rannsókna. Símhlustun beinist alltaf að sakborningi, en til greina kemur að áðrir en sakborningar noti þann síma sem heimild til hlustunar nær til vegna þess að sakborningur hefur aðgang að eða not af sínum, t.d. á heimili, fyrirtæki eða stofnun, sbr. orðalag 81. gr. laga nr. 88/2008. Hlustun beinist þá ekki að þeim aðilum en þeir kunna þó að þurfa að þola hana. Þau tilfelli þar sem farið er beinlínis fram á símhlustun á síma í eigu eða umráðum annars en sakbornings eru fátíð.